

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Reykjahvoll 29, deiliskipulagsbreyting – Íb321.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér heimild fyrir viðbyggingu einbýlishúss til austurs innan byggingarreits, með aukinni byggingarheimild upp að 300 m².

Grenndarstöð við Skálahlíð, deiliskipulagsbreyting – S123.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að koma fyrir grenndarstöð í samræmi við áætlun um fjölgun grenndarstöðva og innleiðingu hringrásarhagkerfisins.

Lynghólsvegur 24, nýtt deiliskipulag – F523.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan felur í sér uppskiptingu lands og stofnun einnar nýrrar lóðar.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 25. febrúar 2025.

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 27. febrúar 2025